



Afriku 20:20 –
félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara
ÁRSSKÝRSLA 2024

Aðalfundur Afríku 20:20 var haldinn síðdegis 10. apríl 2024, á efri hæð Máls og menningar að Laugarvegi 18. Þátttakendur voru stjórnarfolk auk fjögurra annars félagsfólks. Gengið var til venjubundinna aðalfundarstarfa skv. lögum félagsins. Stjórn var endurkosin frá fyrra ári með því fráviki að Karl Fannar Sævarsson hætti og Þórdís Sigurðardóttir kom í hans stað:

<i>Formaður:</i>	Geir Gunnlaugsson
<i>Ritari:</i>	Stefán Kristmannsson
<i>Gjaldkeri:</i>	Magnfríður Birnu Júlíusdóttir
<i>Meðstjórnendur:</i>	Hulda Gunnarsdóttir Jón Geir Pétursson Þórdís Sigurðardóttir
<i>Varamenn:</i>	Birna Halldórsdóttir Jite Brume
<i>Skoðunarmaður reikninga:</i>	Anna Katrín Árnadóttir

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið fjóra fundi auk óformlegra samskipta stjórnarmanna um starfsemi félagsins.

Félagsmenn

Einstaklingar á útsendingarlista Afríku 20:20 eru nú 205 talsins og fá reglulega upplýsingar um starfsemi félagsins. Listinn byggist á skriflegri beiðni einstaklinga um að gerast félagsmenn og svo einstaklingum sem hafa sýnt starfsemi félagsins áhuga, t.d. með því að sækja málstofur og aðra viðburði félagsins. Félagið hefur einnig komið upp hópi á Fésbókinni og er nú með 671 vini skráða. Alls borguðu 22 árgjald fyrir 2024.

Heimasíða Afríku 20:20

Nýja vefsíðan hefur verið virk í rúmt ár og hefur vakið nokkrar fyrirspurnir um þátttöku í félaginu.

Bókarútgáfa

Stórt skref var stigið á árinu hjá félaginu með útgáfu bókarinnar **Afríku sunnan Sahara í brennidepli II** (Háskólaútgáfan og Afríku 20:20, Reykjavík 2023). Útgáfuhóf var haldið í Bóksölu stúdenta 21. mars 2024.

Með aðstoð Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu var eintak af bókinni sent ásamt fylgibréfi til allra grunn- og framhaldsskóla landsins. Auk þess sendi félagið eintök til allra mennta- og háskólanna. Því hafa um 300 eintök af bókinni verið dreift til allra skóla á landinu. Bókin hefur einnig verið keypt af 30 almennum bókasöfnum landsins.

Af upphaflega 750 eintökum eru eftir um 120 eintök hjá útgefanda (mars 2025). Bókin og kafli í henni var kynntur á árlegum fundi Félags íslenskra félagsfræðinga í Borgarnesi 24. maí 2024 og á Þjóðarspegli Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands 1. nóvember 2024.

Jafnframt hafa brot úr bókinni birtst á menningarsíðu Morgunblaðsins, annars vegar úr kafla Kristínar Loftsdóttur, *Flótti frá Vestur-Afríku til Evrópu*, í ágúst 2024 og hins vegar úr kafla Stefáns Jóns Hafstein, *Hvað kostar hungrið í heiminum?*, í febrúar 2025. Bókin hefur einnig verið kynnt á vef- og fésbókarsíðu félagsins.

Til gamans má að lokum geta þess að eintak af bókinni var sent til skjalasafns háskólans í Indiana í Bandaríkjunum (Black Film Center & Archive, Indiana University) að þeirra ósk fyrir afnot af myndum úr skjalasafninu í kafla Stefáns Sólmundar Kristmannssonar, *Brot úr sögu kvikmyndagerðar í Afríku sunnan Sahara*.

Komandi starfsár

- Málstofur skv lögum félagsins
- Kynning á bók félagsins
- Önnur verkefni að ákvörðun stjórnar

Reykjavík, 26. mars 2025
Fh stjórnar

Geir Gunnlaugsson formaður